

Forvarnaáætlun Arnarsmára

Í Arnarsmára er mikið lagt upp úr öryggismálum og forvörnum bæði hvað varðar börn, starfsfólk, húsnæði og lóð.

Ferðir

Mikið er um að börnin fari í ýmsar lengri og skemmri vettvangsferðir, bæði í litlum og stórum hópum. Börnin nota alltaf endurskinsvesti í gönguferðum og þegar farið er með rútu er skilyrði að í henni séu öryggisbelti.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd er starfandi við skólann. Hlutverk hennar er að fylgjast með að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi starfsmanna sé í lagi.

Eftirlit úti og inni

Deildir leikskólans skiptast á að sinna inni - og útieftirliti til að tryggja öryggi barnanna og er leikskólalóðin yfirfarin á hverjum morgni. Heilbrigðiseftirlit hefur eftirlit með að þrif og viðhald á húsnæði sé í lagi og Gámesáætlun í eldhúsi sé virk. Kópavogsbær er með starfsmann sem tekur út lóð hvers leikskóla og leiktæki nokkrum sinnum á ári. Einnig fer fram skoðun viðurkenndra úttektaaðila á lóð og leiktækjum árlega.

Áfallaráð

Lögð er áhersla á að starfsfólk leikskólans bregðist rétt við ef áfall eða náttúruvá ber að höndum. Áfallaráð leikskólans skipa leikskólastjóri og þrír starfsmenn deilda. Mikilvægt er að foreldrar láti deildarstjóra vita ef alvarleg veikindi eða dauðsfall verður í fjölskyldu barnsins.

Skyndihjálp og brunaæfing

Í skólanum er til ítarleg vinnulýsing um hvernig skal bregðast við ef barn verður fyrir slysi, allir starfsmenn fara á skyndihjálparnámskeið á þriggja ára fresti. Einnig er til neyðaráætlun ef eldur kemur upp. Á hverju hausti er farið yfir þessar vinnulýsingar og einu sinni á ári er brunaæfing á skólatíma.

Vinátta

Til að sporna við einelti hefur í Arnarsmára frá upphafi verið lögð áhersla á vináttu og Arnarsmári verið „vinaleikskóli“. Markmiðið hefur verið að ýta undir vináttu, samkennd, góð samskipti, samhjálp og samvinnu meðal barna og kennara. Eftir að Barnaheill hófu útgáfu á námsefninu *Vináttu* árið 2016, sem er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir börn á leikskólaaldri og fyrstu bekki grunnskóla hefur það verið nýtt til að styðja við markmiðin.

Hugmyndafræði Barnaheilla endurspeglast í eftirfarandi fjórum gildum:

- **Umburðarlyndi**

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við aðra af virðingu.

- **Virðing**

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi háttarni annarra.

- **Umhyggja**

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

- **Hugrekki**

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.